

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Krókeyri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að svæði við Krókeyri sem er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota (gróðrastöð og lystigarður) verður blandað svæði núverandi landnotkunar og stofnana-svæðis. Ráðgert er að hafa söfn á svæðinu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 7. október 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.